

SKÓLANÁMSKRÁ
TÓNLISTARSKÓLA ÁLFTANESS

SKÓLANÁMSKRÁ
2002
endurskoðuð 2007 og 2011

EFNISYFIRLIT

Formáli	4
Hlutverk skólanámskrár Tónlistarskóla Álftaness	5
Hlutverk og markmið skólans	5
Hljóðfæranám, söngnám og námskröfur	5
Suzuki-nám	5
Forskóli/tónmennt	6
Tréblásturhljóðfæri	6
Málmblasturshljóðfæri	6
Slagverkshljóðfæri.	6
Píanó	6
Strengjahljóðfæri.	6
Gítar	6
Söngur	6
Skapandi starf	7
Samspil og hljómsveitir.	7
Tónfræðagreinar	7
Hljóðver	7
Tónfundir, tónleikar	7
Próf.	7
Prófskírteini	7
Einkanámskrá	8
Samstarf við aðra tónlistarskóla	8
Samstarf við skóla á Álftanesi	8
Samstarf skólans við foreldra/forráðammenn.	8
Hagnýtar upplýsingar	8
Fréttabréf	9
Heimasíða	9
Skólareglur	10
Fastir liðir	10
Forsaga og þróun skólans	11
Rekstur og fjármögnun	13
Framtíðarsýn	13
Til foreldra/forráðamanna	14

FORMÁLI

Skólanámskrá Tónlistarskóla Álftaness kom fyrst út 2002. Hún var endurskoðuð 2007 og hefur nú verið endurskoðuð í annað sinn. Þá hefur formaður skólanefndar og formaður foreldrafélagsins fengið hana til aflestrar og gagnrýni.

Í námskránni er leitast við að gefa góða heildarmynd af starfsemi skólans, þar á meðal skipulagi, námi, kennslu, uppbyggingu skólastarfsins og kennsluháttum. Einnig er í henni að finna stutt ágríp af sögu og þróun skólans.

Því miður hefur orðið töluverður samdráttur í starfsemi skólans s.l. 2 ár vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og þar af leiðandi hafa m.a. nokkrar kennslugreinar fallið niður. Það er von mín að á komandi árum náist að byggja starfsemina upp á nýjan leik þannig að skólinn verði enn öflugri en áður.

Þess er vænst að skólanámskrá Tónlistarskóla Álftaness komi foreldrum og forráðamönnum barna í skólanum að góðu gagni.

Álftanes, október 2011

Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir
skólastjóri

HLUTVERK

SKÓLANÁMSKRÁR TÓNLISTARSKÓLA ÁLFTANESS

Í aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin var út í maí árið 2000 er gert ráð fyrir að hver og einn skóli gefi út eigin námskrá þar sem fram komi sérhæfð og staðbundin markmið skólans en samt tekið mið af stefnumörkun aðalnámskrárinnar. Hefur þetta verið haft að leiðarljósi við gerð þeirrar námskrár sem hér birtist.

Þess er að vænta að meginatriði námskrárinnar séu hin sömu ár frá ári þó endurskoða þurfi ýmsa liði hennar reglulega.

HLUTVERK OG MARKMIÐ SKÓLANS

Hlutverk skólans er að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, njóta og skilja tónlist, efla tónlistarlíf almennt og gera nemendur virkari og sjálfstæðari hlustendur.

Starfsemi skólans byggir meðal annars á þeim grunni að markvisst tónlistarnám stuðli að auknum þroska nemenda. Vitað er að tónlistarnám þjálfar einbeitingu og öguð vinnubrögð, bætir sjálfsmýnd og árangur í almennu námi.

Skólinn hyggst ná markmiðum sínum með því að veita almenna tónlistarfræðslu, þ.e. að kenna nemendum sínum að leika á hljóðfæri, syngja og skapa eigin tónlist.

HLJÓÐFÆRA- SÖNGNÁM OG NÁMSKRÖFUR

Hljóðfæranám fer fram í einkatímum og byggist á náinni samvinnu kennara og nemanda. Fullt nám er 2 x 30 mínútur eða 1 x 60 mínútur í viku hverri. Í upphafi er lögð áhersla á undirstöðuatriði í hljóðfæraleik; nótnalestri, túlkun, tækni, spuna og tónfræði. Eftir því sem nemandinn nær betri tökum á hljóðfærinu tekst hann á við og kynnist verkum frá hinum ýmsu skeiðum tónbókmenntanna. Leitast er við að hafa efnisvalið fjölbreytt og taka tillit til áhugasviðs nemenda. Annar mikilvægur þáttur námsins er að virkja sköpunarþörf og ímyndunarafl hvers einstaklings svo þeir þættir fái betur notið sín.

Til þess að ná góðum árangri er nauðsynlegt að nemendur æfi sig daglega.

SUZUKI-NÁM

Í námi byggðu á móðurmálsaðferð Shinichi Suzuki er börnum búið hvetjandi umhverfi, frá þriggja ára aldri.

Fyrirkomulag námsins er þannig að nemandi og foreldri sækja einkatíma til hljóðfærakennara einu sinni í viku og síðan hóptíma með öðrum nemendum og foreldrum hálfsmánaðarlega.

Í Suzukitónlistarnámi eru hóptímar mikilvægir. Tilgangur þeirra er að virkja hinn félagslega þátt, bæði með því að börn spili saman svo og að fá tækifæri til að koma fram.

Í boði er Suzuki-nám á: píanó, fiðlu, víólu, selló og gítar.

Forskóli/tónmennt

Í forskólanum er lögð áhersla á söng hreyfingu, hlustun og hljóðfæraleik. Nemendur læra margvísleg lög frá hinum ýmsum löndum, dansa og upplifa tónlist með hreyfingu. Hlusta á aðgengileg verk og gera ýmis verkefni í tengslum við þau. Nemendur fá tækifæri til að leika á Orff hljóðfæri og einnig læra allir á blokkflautu. Forskólinn er þannig almennur undirbúningur fyrir frekara tónlistarnám ásamt því að glæða áhuga á tónlist.

Tréblásturshljóðfæri

Hljóðfæri tréblástursdeildar eru þverflauta, klarínnett, óbó, fagott og saxófónn. Æskilegt er að þeir nemendur sem hefja nám á tréblásturshljóðfæri séu á aldrinum átta til níu ára, en það er nokkuð háð stærð nemanda og þroska.

Málmblásturshljóðfæri

Hljóðfæri málmblástursdeildar eru trompet, horn, básúna og túba. Nemendur geta hafið nám átta til níu ára.

Slagverkshljóðfæri

Slagverksnám skiptist í nám á sneriltrommu og trommuset annarsvegar og sílófón og önnur ásláttarhljóðfæri hinsvegar.

Píanó

Æskilegur byrjunaraldur í hefðbundnu píanónámi er sex til átta ára en hægt er að byrja fyrr ef nemandinn hefur öðlast nægilegan þroska. Skilyrði fyrir píanónámi er að nemandinn hafi óhindraðan aðgang að píanói til æfinga.

Í boði er Suzukinám á píanó.

Strengjahljóðfæri

Hljóðfæri strengjadeildar eru: fiðla, víóla, selló og kontrabassi. Nemendur í hefðbundnu námi geta hafið nám frá 5 ára aldri, en hægt er að byrja fyrr ef þroski leyfir.

Í Suzuki-námi er hægt að hefja nám frá 3 ára aldri.

Strengjasveit er starfrækt við skólann þar sem allir strengjanemendur taka þátt. Í boði er Suzukinám á strengjahljóðfæri.

Gítar

Gítarnám getur hafist frá sex ára aldri. Grunnur námsins er hinn klassíska gítar, sérstaklega með tilliti til tækni og nótnalesturs. Rytmissk tónlist þar sem spilað er á rafgítar/bassa getur verið hluti af náminu eftir að grunnfærni er náð á klassíska gítarinn. Í boði er Suzuki-nám á gítar.

Söngur

Hæfilegt þykir að hefja söngnám 17-18 ára en þó er það háð þroska einstaklingsins. Undirstöðuatriði söngnáms eru raddbeiting og öndun auk réttar líkamsbeitingar. Túlkun texta, skýr framburður og leikræn tjáning eru mikilvægir þættir í náminu. Í upphafi náms er meðleikur á píanó eftir þörfum, en mun meiri og reglulegri á efri stigum námsins. Í samsöngstímum fá nemendur tækifæri til að syngja saman og hver fyrir annan.

Skapandi starf

Í aðalnámskrá tónlistarskóla er gert ráð fyrir að eigin lagasmíðar séu hluti af náminu. Kennarar sinna skapandi starfi í hljóðfæratímum og tónsmíðahátíð er orðin fastur liður í starfi skólans.

Samspil og hljómsveitir

Samspil er mikilvægur þáttur í hljóðfæranáminu og ánægja af slíku hópstarfi er jafnframt hvatning fyrir hvern og einn til framfara í tónlistarnáminu. Reynt er að sjá til þess að allir nemendur sem hafa til þess getu og þroska öðlist reynslu í samleik. Í skólanum fer fram samspil af ýmsum toga s.s. strengja-, gítar-, slagverks-, tréblásturs-, og rytmísktssampil ásamt blönduðu samspili. Samspilsvika er haldin ár hvert og lýkur með tónleikum.

Tónfræðagreinar

Tónfræði er kennd í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskólanna. Leitast er við að hafa námið fjölbreytt þannig að nemendur kynnist tónlist frá sem flestum sjónarhornum. Námið byggist á tónfræði, hlustun, tónheyrn og tónsmíðum. Tónfræði er mikilvægur hluti af náminu og skyldufag fyrir alla.

Hljóðver.

Nám í hljóðveri/tölvutónlist getur hafist þegar nemendur hafa náð fjórtán ára aldri. Markmið námsins er að nemendur læri helstu atriði hljóðvinnslu á tölvu. Námið skiptist í nokkra þætti: upptökur, hljóðvinnslu, hljóðhönnun, tónsköpun/tónsmíðar, nótnaritun og hljóðfræði. Kennt er í litlum hópum, 2-3 nemendur í senn. Gert er ráð fyrir að nemendur sækji tíma í tónfræðagreinum eins og aðrir nemendur.

Tónfundir - Tónleikar

Reglulegur flutningur tónlistar á tónleikum og tónfundum er mikilvæg reynsla fyrir nemendur. Gert er ráð fyrir að hver og einn komi fram á tónfundum innan skólans, einnig er efnt til opinberra tónleika s.s. jólatónleika, tónleika á degi tónlistarskólanna,

tónleika á degi tónlistarinnar og vortónleika. Fastur liður í starfi skólans er að heimsækja stofnanir, svo sem sjúkra- elli-, og hjúkrunarheimili og halda tónleika. Hópfærðir eru farnar árlega t.d. á sinfóniútónleika eða á óperusýningu.

Próf

Próf samkvæmt aðalnámskrá skiptast í grunn- mið- og framhaldspróf. Stigspróf eru haldin í byrjun desember og á vorin. Til þess að stigspróf sé gilt þarf nemandi að hafa lokið hliðstæðum tónfræðagreinum.

Lengd námstíma innan hvers áfanga er mismunandi og ræðst af ástundun, getu og þroska hvers einstaklings. Kennari metur hvort og hvenær nemandi þreytir áfangapróf eða stigspróf. Vorpróf eru haldin til að meta framfarir nemenda. Allir nemendur sem ekki þreyta áfangapróf eða stigspróf taka vorpróf.

Prófskírteini eru veitt öllum sem taka vorpróf og stigspróf. Á skírteininu er að finna einkunn og umsögn prófdómara um frammistöðu á prófi auk námsárangur yfir veturinn. Stigsprófsskírteini og vorprófsskírteini eru afhent við skólaslit. Allir nemendur fá umsögn í lok vetrar.

Einkanámskrá

Hverjum nemanda í skólanum er boðið að gera einkanámskrá í byrjun hvers skólaárs ásamt kennara sínum og foreldri. Þar kveður á um áform vetrarins.

Einnig skráir kennarinn tónleika og tónfundi sem nemandi tekur þátt í á skólaárinu. Nemandi fær afhenta námskrána í lok vetrar.

SAMSTARF VIÐ AÐRA TÓNLISTARSKÓLA

Í gegnum árin hefur verið töluvert samstarf við aðra tónlistarskóla. Farið hefur verið í tónleikaferðir, innan- sem utanlands og haldnir sameiginlegir tónleikar með öðrum tónlistarskólum. Stefnt er að því að halda þessu samstarfi áfram.

SAMSTARF VIÐ SKÓLA Á ÁLFTANESI

Nemendum er heimilt að koma úr tímum í Álftanesskóla til að sækja einkatíma í Tónlistarskólanum einu sinni í viku.

Nemendur Tónlistarskólans bjóða árlega upp á tónleika fyrir Álftanesskóla og leikskólana.

SAMSTARF SKÓLANS VIÐ FORELDRA/FORRÁÐAMENN

Samvinna við foreldra er mjög mikilvæg. Á haust- og vorönn er foreldravika þar sem foreldrum er boðið að fylgjast með kennslustund. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara hvenær sem þurfa þykir. Nauðsynlegt er að foreldrar fylgist náið

með hljóðfæranámi barna sinna, hvetji þau og fylgi eftir leiðbeiningum kennara um heimavinnu. Hver nemandi fær stílabók í fyrsta hljóðfæratíma sínum þar sem kennarinn skrifar hvað nemandinn á að æfa fyrir næsta tíma. Þannig geta foreldrar fylgst með hvers ætlast er til af nemandanum hverju sinni og fylgt því eftir.

Í Suzuki-námi er nán samvinna kennara og foreldris undirstaða námsins. Foreldri fylgir barni sínu í einka- og hóptíma og fylgir leiðbeiningum kennarans um heimaæfingar.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Starfstími Tónlistarskóla Álftaness hefst um miðjan ágúst og stendur fram í júní. Vetrarleyfi eru yfirleitt í samræmi við leyfi í Álftanesskóla. Forföll tilkynnist tímanlega til viðkomandi kennara eða á skrifstofu skólans í síma 565-2625 Netfang skólans er tonlistarskoli@alftanes.is

Lögbundin frí við skólann eru eftirfarandi: jólafrí og páskafrí samkvæmt skóladagatali, uppstigningardagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og annar í hvítasunnu. Sérstakir frídagar hjá Álftanesskóla, til dæmis skipulagsdagar kennara, eru ekki frídagar í tónlistarskólanum.

Áfanga- og stigspróf fara venjulega fram í desember og í síðustu viku fyrir páskaleyfi en vorpróf eru haldin í maí.

Innritun og skólagjöld

Nýir nemendur eru skráðir í skólann að vori og hausti. Á haustin er í fyrstu gengið frá innritun nemenda frá fyrra ári en síðan er tekið á móti nýjum umsóknum. Skráning fer fram á vefsíðu sveitarfélagsins, slóðin er www.alftanes.is/eyðublöð. Bæjarskrifstofan sér um innheimtu skólagjalda. Ganga þarf frá skólagjöldum við innritun áður en kennsla hefst en þeim má skipta yfir veturinn eftir samkomulagi. Bæklingur með upplýsingum varðandi skólagjöld og fleira er dreift í öll hús í sveitarfélaginu í ágúst ár hvert.

Hljóðfæri eru leigð út til byrjenda gegn vægu gjaldi. Foreldrar skrifa undir leigusamning þar sem kveðið er á um ábyrgð á hljóðfærinu. Þegar ljóst þykir að nemandinn haldi áfram námi er gert ráð fyrir að hann eignist sitt eigið hljóðfæri.

Nótnabækur vegna hljóðfæranáms þurfa nemandur að kaupa sjálfir og er nauðsynlegt að þeir eignist sitt eigið nótnasafn. Einnig þurfa nemendur að verða sér úti um námsbækur í tónheyrn og tónfræði.

Nemendaskírteini fást á skrifstofu skólans þegar skilað hefur verið inn ljósmynd. Skírteinið veitir nemendum m.a. afslátt af tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og ýmsum öðrum listviðburðum.

Foreldra- og velunnarfélag Tónlistarskóla Álftaness hefur starfað í nokkur ár. Félaginu er m.a. ætlað að auka samskipti milli forráðamanna nemenda og skólans. Öllum er heimil aðild að félaginu.

Öllum íbúum og börnum starfsmanna sveitarfélagsins er heimil innganga í skólann, en grunnskólabörn hafa forgang og greiða lægri skólagjöld.

FRÉTTABRÉF

Fréttabréf er að jafnaði gefið út einu sinni á önn.

HEIMASÍÐA

Tónlistarskólinn heldur uppi heimasíðu með aðgengilegum upplýsingum er varða skólastarfið og námsgreinar, hlutverk hans, markmið, skólareglur og ágríp af sögu skólans. Einnig eru upplýsingar varðandi samvinnu foreldra og skóla.

Á forsíðu eru upplýsingar um viðburði í skólanum.

Hægt er að skoða dagatal, myndir og senda okkur tölvupóst.

Tengla og símanúmer kennara er einnig hægt að finna á heimasíðunni.

SKÓLAREGLUR

1. Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Fjarvistir og ástæður fyrir þeim skulu tilkynntar til viðkomandi kennara eða í síma tónlistarskólans 565 2625 af foreldri/forráðamanni. Síendurteknar fjarvistir án leyfis geta varðað brottvikningu úr skólanum.
2. Kennara er ekki skylt að bæta upp þær kennslustundir er kunna að falla niður vegna veikinda hans eða nemanda. Veikist kennari til langs tíma, ber skólanum að útvega forfallakennara.
3. Nemendur skulu ganga vel og snyrtilega um skólann og eigur hans, fara úr skóm í anddyri og hengja yfirhafnir á snaga.
4. Nemendum sem taka á leigu hljóðfæri hjá skólanum ber að fara vel með þau. Nemendum er óheimilt að lána hljóðfærin. Viðhald hljóðfærisins á lánstímanum og skemmdir af völdum slæmrar meðferðar eru á kostnað nemanda.

5. Nemendum er skylt að taka þátt í tónleikum og annarri starfsemi sem kennari ákveður.
6. Nemendur mæti snyrtilega klæddir á tónleika.
7. Nemendum er óheimilt að taka að sér opinberan flutning tónlistar utan skólastarfsins nema með samþykki kennara eða skólastjóra.
9. Nám í tónfræðagreinum er skylda allra hljóðfæra- og söngnemenda.

FASTIR LIÐIR Í SKÓLASTARFINU

- Foreldravika á haustönn
- Tónleikar á degi tónlistarinnar í lok október
- Tónfundir
- Samspilsvika
- Jólatónleikar í Bessastaðakirkju
- Tónleikar á degi tónlistarskólanna í lok febrúar
- Foreldravika á vorönn
- Tónsmíðahátíð
- Vortónleikar
- Þátttaka í messum og tónlistarflutningur fyrir félagasamtök
- Tónleikaferðir á sjúkrahúsi og dvalarheimili aldraðra
- Nemendur þreyta próf árlega
- Tónleikar tónlistarkólans fyrir leikskóla og grunnskóla

FORSAGA OG ÞRÓUN SKÓLANS

Upphafið

Tónlistarskóli Bessastaðahrepps var stofnaður 1987, en frá 1982 var í hreppnum starfrækt deild úr Tónlistarskóla Garðabæjar. Aðalhvítamenn að stofnun hennar voru Erla Sigurjónsdóttir þáverandi oddviti, Jytte Frímannsson og María Sveinsdóttir. Alma Hansen var skólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar á þessum tíma, en 1984 tók Gísli Magnússon píanóleikari við stjórn skólans. Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir var deildarstjóri Álftanesdeildar frá 1984 og síðan skólastjóri Tónlistarskóla Álftaness.

Skólanefnd

Þriggja manna skólanefnd hefur verið við skólann þar til haustið 2010, en þá var hún sameinuð skólanefndum Álftanesskóla og leikskólanna. Jytte Frímannsson hefur lengst af verið formaður nefndarinnar, frá 1982 til 1994. Aðrir formenn sem störfuðu um lengri tíma, voru Ásgeir Sigurgestsson og Karólína Eiríksdóttir. Núverandi formaður er Kjartan Örn Egilsson.

Forskóli

Haustið 1986 var forskóli starfræktur í tveimur deildum og var fjögurra ára börnum þá í fyrsta sinn veittur aðgangur að skólanum. Það hélst óbreytt til 1996, en þá var forskólinn fluttur úr Tónlistarskólanum í Álftanesskóla. Frá 1996 var forskólinn á stundaskrá 1. og 2. bekkinga Álftanesskóla þannig að öll börn fengu ókeypis forskólakennslu tvisvar í viku allt til haustsins 2010 er því var hætt. Í dag er forskólinn alfarið á vegum Tónlistarskólans.

Kórastarf og hljómsveitir

Barnakór Tónlistarskólans var stofnaður 1988. Kórarnir urðu tveir árið 1993 og skiptist í yngri og eldri kór.

Frá 1996 tilheyrðu kórarnir bæði Tónlistarskólanum og Álftanesskóla og var nafninu breytt í Skólakórar Álftaness. Æfingar voru að jafnaði einu sinni í viku, u.þ.b. klukkustund í senn. Kórarnir höfðu föst verkefni á sínum snærum s.s. að taka þátt í guðþjónustum í Bessastaðakirkju u.þ.b. 5-6 sinnum á ári, komu fram á “Syngjandi jólum” í Hafnarfirði, farið var á árlegt kóramót í Víðstaðakirkju, Hafnarfirði, haldnir sjálfstæðir jóla- og vortónleikar, sungið við jólatréð á Álftanesi, farið í æfingabúðir, óvissuferðir og sinnt ýmsum tilfallandi verkefnum. Kórarnir hafa 2 sinnum gert geisladisk sem hefur verið seldur á vægu verði til kórfélaga og aðstandenda þeirra auk íbúa á Álftanesi.

Kórastarf var lagt af í þessari mynd vorið 2008 vegna niðurskurðar.

Lítill lúðrasveit var við skólann fyrr á árum, en erfitt hefur verið að fá nemendur til að læra á málmlásturshljóðfæri undanfarin ár.

Lítill stengjasveit hefur verið starfandi til margra ára.

Tónleikahald

Tónleikar Tónlistarskólans hafa verið með ýmsu móti. Oft hafa þeir verið helgaðir einu tónskáldi, Bach, Mozart o.s.frv., sem hefur þá verið kynnt í tali og tónum. Einnig hefur verið fjallað um hin ýmsu tímabil tónlistarsögunnar og einstök tónlistarform, haldnir þjóðlagatónleikar, tónleikar tileinkaðir íslenskum tónskáldum og svo mætti lengi telja.

Haustið 1999 veitti hreppsnefnd fjárstyrk til að hleypa af stokkunum tónleikaröð í hreppnum fyrir börn og unglínga. Það ár voru haldnir alls fimm tónleikar.

Þekktir listamenn komu í heimsókn og héldu tónleika fyrir nemendur Álftanesskóla og leikskóla sveitarfélagsins

Tónleikaröðin var árlegur viðburður í starfi skólans allt til ársins 2008. Þetta framtak hreppsnefndar var mjög vel til fundið og ber að þakka þá framsýni og vilja sem nefndin sýndi í tónlistarmálum í sveitarfélaginu.

Þessir tónleikar hafa því miður lagst af í bili m.a. vegna fjárskorts.

Afmælistónverk

Fjögur tónverk hafa verið pöntuð fyrir skólann. Hér er um að ræða

"Rókokókokóflöskusvítuna" eftir John Speight við ljóð eftir Þórarinn Eldjárn,

"Álftanessvítuna" eftir Karólínu Eiríksdóttur og nemendur skólans, "Álftanessvísu" eftir

Tryggva M.Baldvinsson sem hann vann með nemendum skólans og "Raddir af

Álftanesi" eftir John Speight við kvæði eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson, en verkið

sameinar fortíð og nútíð á Álftanesi. Verkin voru flutt á 5. 10. 15. og 20 ára afmælum skólans og tóku flest allir nemendur þátt í flutningi þeirra. Öll tónskáldin eru búsett á Álftanesi. Þess er vænst að framhald geti orðið á þessum þætti starfseminnar.

Geisladiskur

Á 20 ára afmæli skólans var gefinn út geisladiskur með upptökum af tónleikum nemenda frá 1987- 2007. Allur ágóði af sölunni rann til Rauða krossins.

Foreldra- og velunnarafélag

Foreldrafélag var stofnað við skólann 1991 og starfaði af krafti þann vetur. Meðal annars aðstoðaði það við fjáröflun kórsins, svo sem hlutaveltu og kókubasar og við að sauma kórbúninga. Félagið lagðist hins vegar af eftir að hafa starfað í rúmt ár.

Þann 5. febrúar 2000 var Foreldra- og velunnarafélag Tónlistarskólans endurreist. Fyrsti formaður þess var Sigurður G. Bogason, en núverandi formaður er Kristín S. Sigurleifsdóttir. Félaginu er ætlað að auka samskipti milli forráðamanna nemenda og skólans. Einnig er því ætlað að vera vettvangur opinnar umræðu um skólastarfið og eins konar bakhjarl skólans þannig að gott starf geti orðið enn betra og árangursríkara. Öllum er heimil aðild að félaginu.

Aðsókn og biðlisti

Frá upphafi hefur verið mikil aðsókn að skólanum og lengi vel var biðlisti meðan kvóti var á nemendafjölda. Árið 1994 ákvað hreppsnefnd að leitast yrði við að verða við öllum umsóknum sem bærust og var biðlisti því að mestu úr sögunni. Frá 2009 var fjárveiting til skólans skorin niður og mynduðust því biðlistar á ný.

Á fyrsta ári skólans, 1982, voru innritaðir 52 nemendur að forskóla meðtöldum. Skólaárið 2007-2008 voru 156 nemendur skráðir í skólann. Í dag eru 111 nemendur í skólanum.

Húsnæðismál

Húsnæðismál Tónlistarskólans voru erfið frá upphafi og fékkst ekki viðunandi lausn á þeim fyrr en tekið var í notkun sérinnréttað húsnæði í íþróttahúsinu haustið 2000.

Álftanesdeild Tónlistarskóla Garðabæjar tók til starfa í janúar 1982 í húsnæði Álftanesskóla, eftir skólatíma. Haustið 1984 var ljóst að Álftanesskóli gat ekki sinnt húsnæðisþörf deildarinnar. Því var ákveðið að augýsa eftir viðbótaraðstöðu fyrir skólann. Hún fékkst í íbúðarhúsnæði skammt frá skólanum hjá velviljuðum, músíkelskandi hjónum, Árna Björnssyni og Guðnýju Bjarnar, sem settu ekki fyrir sig hávaða sem fylgir hljóðfærakennslu og sífelldan átroðning. Forskólakennsla fór fram í kjallaranum, en píanókennsla í stofu húsráðenda.

Haustið 1985 var tekin í notkun viðbygging við Álftanesskóla og fluttist öll starfsemi skólans þangað.

Þar var hún óslitið til ársins 1990, en þá fékk skólinn aðstöðu í nýbyggðu íþróttahúsi hreppsins.

Haustið 2000 var tekið í notkun sérinnréttað húsnæði fyrir Tónlistarskólann eins og fyrr er getið. Það var í austurálmú íþróttahússins. Þar voru þrjár hljóðeinangraðar

sérkennslustofur, ein hópkenntustofa, sem var einnig tónmenntastofa Álftanesskóla, svo og skrifstofa og kennarastofa með vinnuáðstöðu, auk aðgangs að sal hússins. Þetta gjörbreytti allri vinnuáðstöðu við skólann. Þó vantaði aðstöðu fyrir rytmískt samspil, rafgítar og trommur og var því brugðið á það ráð að taka á leigu húsnæði í Landakoti sem gengur undir nafninu "Fjósið."

Haustið 2005 flutti skólinn úr íþróttahúsinu í nýja álmu í Álftanesskóla. Þar eru 5 kennslustofur auk tónmenntastofu sameiginlegri með Álftanesskóla. Slagverksstofa er gamla tónmenntastofan í íþróttahúsinu.

Í sameiginlegri byggingu með Álftanesskóla er mun auðveldara að fá börn út úr tímum á skólatíma en það skiptir miklu máli fyrir alla starfsemi skólans.

REKSTUR OG FJÁRMÖGNUN

Tónlistarskóli Álftaness hefur frá upphafi verið rekinn af sveitarfélaginu og starfsemi hans fjármögnuð af sveitarsjóði og með námsgjöldum.

FRAMTÍÐARSÝN

Tónlistarskólinn er jákvæður gagnvart heilsdagsskóla þar sem listnám og annað tómstundarnám er fellt inn í samfellda stundaskrá barnanna. Það hlýtur að vera börnunum í hag að hafa samfellda stundaskrá og í ljósi þeirra hagsmuna hlýtur það að vera eitt af aðalmarkmiðum skólans í náninni framtíð að leysa úr þessu máli.

Fullur áhugi er fyrir því að koma á fullorðinsfræðslu í tónlist við skólann þar sem kennd eru undirstöðuatriði greinarinnar, auk þess sem hlustað verður á ýmis konar tónlist.

Stefnt er að stofnun lúðrasveitar með þátttakendum úr öllum aldurshópum og efla ennfrekar hljómsveitasamspil.

TIL FORELDRA/FORRÁÐAMANNA

- Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins, að foreldrar/forráðamenn sýni náminu áhuga og fylgist með framvindu þess.
- Hljóðfæranám byggist að miklu leyti á daglegri og reglubundinni þjálfun og er því að verulegu leyti heimanám. Án markvissra æfinga verður árangur rýr.

- Nauðsynlegt er að nemendur geti æft sig þar sem þeir verða fyrir sem minnstri truflun og hafi ekki á tilfinningunni að þeir trufli aðra.
- Ungum nemendum þarf að hjálpa við að skipuleggja æfingatímamann.
- Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig oft og skemur í senn, en sjaldnar og lengur.
- Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt. Ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans yfir eigin framförum og aukinni færni.
- Eðlilegt er að áhugi nemenda sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldrar/forráðamenn leiti orsaka og lausna. Stundum er nóg að skipta um viðfangsefni til að áhuginn glæðist á ný.

Hlustun er mikilvægur þáttur í öllu tónlistarnámi. Með því að hlusta á vel flutta tónlist fá nemendur nauðsynlegar fyrirmyndir. Foreldrar/forráðamenn geta lagt sitt af mörkum með því að hvetja nemendur til að hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður og með því að fara með þeim á tónleika þegar tækifæri gefast, bæði innan tónlistarskólans og utan.